

Fundargerð 143. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2023, fimmtudaginn 12. janúar kl. 13:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Helgi Arnarson, Róslín Alma Valdemarsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Helgi Grímsson.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Anna Ingadóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA**

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum þann 25. nóvember 2022 Stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2022-2026. Farið var yfir helstu atriði í stefnumörkuninni sem tengjast menntun og velferð barna.

2. **Heildstæð skólaþjónusta samráðsferli - 2301023SA**

Mennta- og barnamálaráðherra hefur áform um heildarlög um skólaþjónustu sem kveðið er á um í aðgerðaáætlun menntastefnu til ársins 2030, sem samþykkt var á Alþingi 24. mars 2021.

Ráðuneytið í samvinnu við Kennarasamband Íslands og Samband Íslenskra sveitarfélaga, hefur óskað eftir umsóknum um styrki frá kennurum, skólastjórnendum og öðru starfsfólki skóla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem hafa áhuga á því að taka þátt í samráði við ritun frumvarps til nýrra laga um skólaþjónustu. Samráðið mun fara fram á tímabilinu janúar til maí 2023 og er umsóknarfrestur til 15. janúar 2023.

Að mati fundarmanna var gefinn of stuttur tími til að kynna þessa styrki fyrir kennurum og starfsfólki skólans en vonandi næst breið þátttaka frá öllum landshlutum. Jákvætt að virkt samráð sé haft við þá aðila sem vinna með börnum á hverjum degi. Einnig var tæpt á því að verklag ráðuneytisins væri óljóst, þyrfti að vera mótaðra ferli og skýrt hvernig nýta ætti afurðina sem kæmi útúr samráðinu á vettvangi.

3. **Samningur um samræmda móttöku flóttafólks 2022-2025 - 2207022SA**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur á síðustu vikum undirritað samninga við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks sem gildir til ársloka 2023. María Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi sambandsins sagði frá samstarfi við ráðuneytin vegna stuðnings við börn á flóttu. Fyrirhugað var, m.a. vegna áeggjunar sem kom fram í bréfi frá fræðslustjórum sveitarfélaga sem voru aðilar að fyrri samningi um samræmda móttöku við gerð samninga yrði sett

inn fjármagn vegna viðbótarþjónustu sem börn á flóttu þurfa á að halda í skóla og fírstund. Mennta- og barnamálaráðuneytið (mrn) sem var með fulltrúa í samningaviðræðunum dró sig út úr viðræðunum þar sem að þeirra mati þyrfti að kortleggja betur þann viðbótarkostnað sem hlýst af þjónustu við börn á flóttu. En þrátt fyrir að ráðuneytið dró sig út úr viðræðunum þá viðurkenndi það mikilvægi þess að koma þyrfti á móts við sveitarfélögin vegna viðbótarstuðnings við flóttabörn. Þann 10 október 2022 var kynnt fyrir sveitarfélögum það fjármagn sem MRN myndi veita til sveitarfélaga til lok skólaárs 2023. Í júní 2022 tók til starfa samráðs- og viðbragðsteymi íslenskra stjórnvalda fyrir börn á flóttu og er teyminu falið að kortleggja stöðuna, veita ráðgjöf um samræmingu þjónustu og móta viðmið um móttöku barna á flóttu hér á landi með hliðsjón af réttindum og velferð þeirra. Sérstakt teymi var sett á laggirnar sem á að koma með tillögur að úrbótum vegna skóla- og fírstundastarfs og sitja í því teymi fulltrúar frá Reykjavík og Hafnarfirði sem hafa mikla þekkingu á þjónustu við flóttabörn. Áætlað er að hópurinn skili niðurstöðum til ráðherra fyrir 15. júní 2023.

Fræðslumálanefnd telur það jákvæð skref sem verið er að stiga og mikilvægt að ráðuneytið viðurkenni mikilvægi þess að koma á móts við skóla- og fírstundastarf vegna þjónustu við börn á flóttu sem var ekki áður til staðar. En það fjármagn sem veitt er núna er einungis dropi í hafið miðað við þá þjónustu og stuðning sem veita þarf flóttabörnum.

Guðjón Bragason og Valgerður Rún Benediktsdóttir fóru af fundi.

4. Námsleyfasjóður grunnskóla 2023-2024 - 2301024SA

Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2023-2024 er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 179 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt yrðu 51 námsleyfi. Aðeins var hægt að verða við um 28% þeirra beiðna sem fyrir lágu og því ljóst að mörgum fullgildum umsóknum varð að hafna. Námsleyfum var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni tengdist samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og stjórnun og faglegum stuðningi við þróun starfshátta. Nöfn námsleyfishafa hafa verið birt á vefsíðu Námsleyfasjóðs.

Fundarmenn töldu að endurskoða þyrfti reglum um námsleyfasjóð. Um sé að ráða ákveðna tímaskekkkjju að veita leyfi í heilt ár í ljósi aukins framboðs á fjarnámi. Einnig þyrfti að taka tillit til aldurs umsækjanda að námsleyfi til þeirra sem eru að ljúka störfum gangast skólastarfinu lítið.

Fundi var slitið kl. 14:00

Helgi Arnarson

Róslín Alma Valdemarsdóttir

Kristín Jóhannesdóttir

Helgi Grímsson